

Alþingi
Erindi nr. P 131/149
komudagur 19.11.2004



Samtök iðnaðarlns
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. nóvember 2004

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um nr. 17/1991, 251. mál.

Samtök iðnaðarins styðja að frumvarpið verði að lögum. Það felur í sér að tekin eru af tvímæli um heimildir framleiðanda samheitalyfs til að gera hér á landi allar rannsóknir og prófanir sem nauðsynlegar eru í því skyni að sækja um markaðsleyfi.

Samtök iðnaðarins fagna því að fram er komið frumvarp um lögleiðingu svokallaðs Bolar-ákvæðis sem lýtur að starfsskilyrðum framleiðenda samheitalyfja.

Með ákvæðinu verður réttarstaðan mun skýrari en verið hefur og er það mikill áfangi fyrir íslenska samheitalyfjaframleiðendur. Þeir, ásamt Samtökum iðnaðarins, hafa á annan áratug barist fyrir því að heimild til þess að vinna að öflun markaðsleyfis á einkaleyfistíma verði afdráttarlausari að íslenskum rétti en nú er, t.d með því að taka upp ákvæði í líkingu við Bolar til þess að allur vafi í þessum efnum sé úr sögunni.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar þess að Evrópusambandið hefur nýlega sett reglur um Bolar og þær verða að EES-rétti og þar með er Íslendingum skylt að leiða reglur um Bolar í sinn landsrétt.

Ekki þarf að fara um það mörgum orðum hve íslenskur samheitalyfjaiðnaður hefur vaxið og dafnað og orðið mikilvægur þáttur í íslenskum iðnaði, ekki síst útflutnings- og útrásariðnaði. Brýnt er að búa þessum iðnaði eins góð starfsskilyrði og mögulegt er.

Fyrirliggjandi frumvarp hefur þetta að markmiði og Samtök iðnaðarins styðja eindregið að það verði óbreytt að lögum þegar á þessu ári.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri

35 - 6.11.01 IÐN 2004 einkaleyfi: 25.mál 2004-11.doc